

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands
Miðvikudaginn 26. nóvember 2025, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður (HP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Sigrún Agata (SAA), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. **Fjarverandi:** Vilhelm Bjarnason (VB), Brynja Vignisdóttir (BV), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIB), Pétur Andreas Maack (PM),

Fyrir fundinum lá fundargerð á samskiptavef stjórnar, dagsett 12. nov 2025. Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

Ræddur var ferðastyrkur vegna ferðalaga milli landshluta í boðaðar landsliðsæfingar. Samþykkt var að greiða 10.000 krónur í styrk fyrir hverja ferð fram og til baka á landsliðsæfingar. Framkvæmdastjóri útbýr eyðublað sem sótt er um styrkinn á.

Samþykkt var að sambandið greiddi sem nemur einni máltíð á hvert lið í hverjum æfingabúðum eftir 1. des 2025 til 30. apríl 2025, fyrir þau verkefni sem eru í gangi.

HP kynnti samninginn við Sportway sem tekur gildi um áramót. Gluggi ÍHÍ fyrir þessar útsendingar verður á [icehockeyiceland.tv](https://www.icehockeyiceland.tv)

HP fór yfir nokkur atriði sem voru til umfjöllunar á formannafundi ÍSÍ sem haldin var 21. nóvember í golfskála Golfklúbbsins Leynis á Akranesi. Á fundinum var m.a. kynnt ný stefna ÍSÍ um verndun og velferð. Kynnt var að búast má við áframhaldandi sambærilegu framlagi ríkis til afreksmála. Einnig voru rædd mál eins og staða sjálfboðaliða og aðstöðumál sem í mörgum greinum þ.á.m. okkar standa aðstöðumál í vegi fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

Rætt var val á íþróttamanni og konu ársins. Eftir yfirferð og skoðun komst stjórnin samhljóða að eftirfarandi niðurstöðu.

Íshökkíkona ársins 2025 er Sunna Björgvinsdóttir leikmaður Sodertelje SK í Svíþjóð.
Íshökkímaður ársins 2025 er Unnar Rúnarsson leikmaður Skautafélags Akureyrar.

Önnur mál:

VG sagði frá fundum sínum með afrekssjóð vegna þeirru sérstöku aðstæðna að á árinu 2026 þarf kvenna liðið að leika 2 sinnum á HM, í apríl fyrir keppnina 2026 og svo í nóvember fyrir keppnina 2027. Sjóðurinn gaf vilyrði fyrir því að aðstoða við nóvember keppnina.

VG skýrði frá að Abler kerfið er komið í gang og þegar farið að virka nokkuð vel.

VG skýrði frá þeim verðum sem eru að teiknast upp varðandi kostnaðarþátttöku í unglingaferðum 2026. Reiknað er með því að verðin verði birt á heimasíðu ÍHÍ á næstu dögum.

HP skýrði frá því að RUV mun sýna frá Ólympíuleikunum á Ítalíu og hafa þeir leitað eftir aðstoð hans við lýsingar.

SAA Óskaði eftir umræðu um heimild fyrir kvennalið að fá að nota leikmenn úr U16 inn á leikmanna lista í kvennaflokki ef lið eru fáliðuð. Frekar en að þurfi að fella niður leiki. Nokkur umræða var um málið og var ákveðið að VG myndi heyra ofan í þjálfara og forráðamenn hinna liðanna til að draga fram viðhorf. Málið yrði síðan tekið upp á ný.

Fundi slitið.